

undirrjettinn Jens Jónssonar 4 krónur, og til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, landsritara Jóns Jónssonar og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors um sig fyrir flutning málsins.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. septembermán.

Nr. 5/1875: Sigurgeir prestur Jakobsson

gegn

hreppsnefndinni í Arnarneshreppi.

D ó m u r.

Með dómi, upp kveðnum 16. júlí f. á. fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, er áfrýjandinn, Sigurgeir Jakobsson, prestur til Grundarþinga dæmdur til að endurgjalda fátækraþjóði Arnarness hrepps allan þann kostnað, sem hreppurinn hefur haft eða eptirleidis kann að hafa af fjölskyldu Ingjalds nokkurs Halldórssonar, er áfrýjandinn hafði gefið í hjónaband við ekkjuna Guðrúnu Gísladóttur, og hefur hjeradsdómarinn byggt þessi dómsúrslit á því, að áfrýjandinn ekki hafi gætt skyldu þeirrar, er á honum hvílir samkvæmt tilskipun 30. aprílmán. 1824 3. gr. 10. tl., að leita upplýsinga um, hvort hvorugt hjónaefnanna hafi þegið sveitarstyrk, er eigi sje endurgoldinn.

Það verður nú ekki sjeð af dómsgjörðunum í þessu skaðabótamáli, að Arnarness hreppur hafi, enn sem komið er, haft nein þyngsli af þessari giptingu, nje orðið að leggja fram neitt fje til styrktar áður nefndum Ingjalði, er hreppurinn geti heimtað endurgoldið, og krafa hreppsins fer þannig fram á að fá

dóm yfir áfrýjandanum til að endurgjalda það, sem hreppurinn, ef til vill einhvern tíma á ókomnum tíma, kann að verða að leggja þeirri fjölskyldu, er Ingjaldur kann að flytja á hreppinn. En með því að það er gagnstætt öllum gildandi rjettarfarsreglum, að dómur geti gengið um slíka kröfu, ber ex officio að dæma dóm undirrjettarins ómerkan, og að vísa málinu frá undirrjettinum. Hreppsnefnd Arnarness hrepps, sem ekki hefur mætt nje mæta látið fyrir yfirdóminum, ber eptir þessum úrslitum málsins fyrir hönd sveitarsjóðsins að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir yfirdóminum, sem virðist hæfilega metinn 40 krónur; en þar sem áfrýjandinn ekki hefur krafizt að fá málskostnaðinn fyrir undirrjettinum endurgoldinn, fellur hann niður. Málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hins stefnda fyrir undirrjettinum ákveðast til 5 króna, og borgist honum úr opinberum sjóði

Að því leyti sem málið í hjeraði hefur verið sótt með gjafsókn af hendi Arnarness hrepps, vottast, að það hefur verið flutt og rekið með tilbærilegum hraða.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á ómerkur að vera, og vísast málinu frá undirrjettinum. Hinum stefnda, hreppsnefnd Arnarness hrepps, ber fyrir hönd sveitarsjóðsins að borga áfrýjandanum, Sigurgeiri presti Jakobssyni, málskostnað fyrir yfirdóminum með 40 krónum. Málskostnaður fyrir undirrjettinum falli niður. Hinum skipaða málsfærslumanni hins stefnda fyrir undirrjettinum, Sigfúsi hreppstjóra Bergmann, bera 5 krónur í málsfærslulaun, er borgist honum úr opinberum sjóði.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Nr. 16/1875:

Hið opinbera
gegn

Jóhanni Frímann Sigvaldasyni.

D ó m u r.

Með dómi, upp kveðnum fyrir pólitírjetti Húna-
vatnssýslu að Geitaskarði 13. aprílmán. þ. á., er Jóhann
Frímann Sigvaldason, sjálfseignarbóndi í Mjóadal í
Bólstaðarhlíðarhreppi, dæmdur fyrir óhlýðni gegn yfir-
valdsskipun til að greiða til hlutaðeigandi sveitarsjóðs
4 króna sekt og 16 krónur í skaðabætur, sem og all-
an af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi
er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins kærða og öðrum atvik-
um, sem fram eru komin undir rekstri málsins, er
það löglega sannað, að honum með gangnaseðli hrepp-
stjóra hafi verið fyrirskipaðar göngur á Eyvindarstaða-
heiði, sem er afrjett Bólstaðarhlíðarhrepps, haustin
1873 og 1874, en að hinn kærði ekki hafi hlýðnast
þessari fyrirskipun hreppstjórans, sem þó var byggð á
úrskurði hlutaðeigandi sýslumanns, og varð hreppstjór-
inn því haustið 1875 að kaupa mann á kostnað sveit-
arsjóðsins fyrir 16 krónur til gangnanna í stað þess
manns, er kærði átti að leggja til. Hinn kærði hefur
afsakað óhlýðni sína í þessu efni með því, að hann
ekki sje skyldur til að gjöra fjallskil á Eyvindarstaða-
heiði, þar sem hann ekki noti hana, heldur Reyni-
staðarfjöll, fyrir afrjett, enda gjöri hann fjallskil á síð-
arnefndri afrjett, og sem ábúandi á Mjóadal sje hann
samkvæmt fundarályktun nokkurri 5. septembermán.
1862 laus við geldfjárupprekstur og fjallskil á Eyvind-